

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Glerárskóli

Nafn verkefnisins: Lego hönnun og forritun

Nafn verkefnisstjóra: Tómas Lárus Vilbergsson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-47

Athugasemdir verkefnisstjóra: Umsóknin UMS-47 er frestuð umsókn sem kom til vegna þess að kennarinn sem haft hefur veg og vanda að þessu verkefni forfallaðist og framlengdust þau forföll allt þetta skólaár einnig. Ráðinn var leiðbeinandi til að reyna að fylla þetta skarð og gerði hann sitt besta. Unnið var samkvæmt markmiðum umsóknarinnar og verður áfram stefnt að því. Að því leiti er skýrslan þessu merkt og ekki alveg samkvæmt ýtrasta plani og því sleppi ég forsíðunni.

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn :

Efla kennara og nemendur í skapandi hugsun og styðja við fjölbreytta kennsluhætti með notkun gagnvirkra leikja og tækja ásamt því að efla og kenna forritun. Til að ná þessu er ætlunin að nota Lego og róbóta sem nemendur forrita til ýmissa aðgerða þannig að nemendur verði betur meðvitaðir um tilgang og notkun forritunar m.a. með því að sjá það í raun hvernig tiltekin forritun virkar á hluti og tæki og geri sér grein fyrir virkninni og tengingunni þar á milli.

**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði :** Verkefnið var sett inn í valáfanga skólans fyrir unglingastig og einnig sett inn á stundaskrá í svokallaða „rúlettu“ fyrir nemendur á miðstigi. Í rúlettu þá eru list og verkgreinar keyrðar í 6- 8 vikur í senn og síðan skipt.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins og helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins :

Eins og komið hefur fram áður veiktist sá kennari sem upphaflega ætlaði að kenna þennan áfanga. Ráðinn var leiðbeinandi, upphaflega tímabundið, til að leysa þann kennara af og sýndi verkefninu áhuga og kláraði skólaárið en, ekki sá kennari sem upphaflega lagði af stað með verkefnið. Inn í þetta spilaði einnig Covid-19 ástandið þar sem nemendum var fjarkennt.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu :

Skemmtileg vinna og nemendur sáu tilgang og afrakstur forritunar.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Geri mér ekki grein fyrir því hvort verkefnið hafi áhrif á skólastarfið í heild. En von okkar stóð til þess að nemendur og kennarar yrðu betur meðvitaðir um tilgang og notkun forritunar m.a. með því að sjá það í raun hvernig tiltekin forritun virkar á hluti og tæki og gerðu sér grein fyrir virkninni og tengingunni þar á milli. Sótt var um þátttöku í Lego keppninni á næsta ári. Afrakstur : Gláður, áhugasamur hópur um notkun tækni í nútíma samfélagi og tilbúinn til að auka enn meira við þekkingu sína.

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um :**

Eins og fram hefur komið áður þá setti mönnun verkefnisins strik í reikninginn. Samt sem áður tókst framkvæmdin alveg þokkalega og þetta voru reglubundnir tímar í stundaskrá. Gott samstarf var við skóla þar sem þetta er lengra á veg komið og var það okkur allt að kostnaðarlausu, litið á sem aðstoð og samvinna í verkefninu. Var það ígildi sérfræðiaðstoðar. Vegna alls þessa var allur kostnaður í formi kennslustunda samkvæmt kostnaðaráætlun skólans og ekki farið í það að auka við búnað þar sem úthlutun sjóðsins gerir ekki ráð fyrir því. Þannig að við uppfyllum ekki þau skilyrði sem til þarf til að fá úthlutað úr sjóðnum. En verkefnið er vonandi komið til að vera.


**Niðurstöður verkefnisins:**

Náðum ekki nægjanlega að kveikja áhuga á þeim markmiðum sem stefnt var að í verkefninu sem lýsir sér í því að fáir sóttu um þetta sem valgrein á komandi skólaári. Verkefnið heldur áfram inn í stundaskrá (rúlettu) sem fellur undir list og verkgreinar. Brautryðjandi verkefnisins mun hefja hér kennslu aftur í haust.

Dagsetning: 10.06.2020



Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskól